

**20. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
19. ágúst 2015 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Ingibjörg Pálmadóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Jón Hrói Finnsson, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:****1. 1411097 - Búsetubjónusta Holtsflöt - akstur íbúa**

Á fundi Velferðar- og mannréttindaráðs þann 21. janúar 2015 var ákveðið gjald fyrir akstur í bíl búsetubjónustunnar, sem fellur utan lögbundinnar skyldu sveitarfélagsins. Fjárhæð gjaldsins var ákvörðuð kr. 45 fyrir hvern ekinn kílómetra skv. akstursdagbók. Um er að ræða akstur utan bæjarfélagsins og fyrir þann innanbæjarakstur sem flokkast undir tómstundaakstur (t.d. að fara á rúntinn). Í bókun ráðsins var gert ráð fyrir að gjaldið yrði endurskoðað í tengslum við endurskoðun reglna um ferðaþjónustu.

*Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir tillögu sviðsstjóra um að aksturgjaldið verði 50% af aksturgjaldi ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytis. Breytingin tekur gildi 1. október 2015. Sviðsstjóra falið að tilkynna notendum og fjárhaldsmönnum um breytinguna.*

**2. 1411120 - Búsetubjónusta Holtsflöt- þátttaka í fæðiskostnaði**

Ósk um heimild til greiðslu hlutdeilda í fæðiskostnaði þjónustubega, vegna fæðis aðstoðarmanna sem snæða með þeim, fyrir tímabilið 2012-2014. Greiðslurnar eru í samræmi við ákvörðun velferðar- og mannréttindaráðs frá 3. desember 2014 og ákvæði reglugerðar nr. 1054/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu. Áætlaður kostnaður er 2,1 m.kr. sem ekki er fjárheimild fyrir í fjárhagsáætlun ársins 2015.

*Velferðar- og mannréttindaráð óskar eftir því við bæjarráð að veitt verði viðbótarfjárveiting vegna þessa kostnaðar.*

**3. 1508182 - Velferðar- og mannréttindasvið - Fjárhagsyfirlit 2. ársfjórðungs 2015**

Lagt fram yfirlit yfir stöðu fjárhags miðað við áætlun fyrir fyrri helming ársins 2015.

**4. 1507087 - Samstarf um rannsóknarverkefni**

Niðurstaða bæjarráðs varðandi ósk Janusar Guðlaugssonar um samstarf um rannsóknarverkefni varðandi heilsurækt eldri borgara kynnt. Bæjarráð tók jákvætt í erindið og felur sviðsstjóra velferðar- mannréttindasviðs að leita til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands félags eldri borgara o.fl og kanni möguleikann á samstarfi. Málið verði unnið áfram á vettvangi velferðar- og mannréttindaráðs.

Velferðar- og mannréttindaráð leggur til að einnig verði leitað eftir samstarfi við verkalýðs- og starfsmannafélög og fyrirtæki á svæðinu um samstarf og stuðning við verkefnið. Sviðsstjóra falið að vinna að málínú.

**5. 1508181 - Ósk um heimild til að sækja ráðstefnu**

Sviðsstjóri Velferðar- og mannréttindasviðs óskar eftir heimild Velferðar- og mannréttindaráðs til að senda two starfsmenn barnaverndar á Norrænu barnaverndarráðstefnuna 2015. Ráðstefnan fer fram í Turku, Finnlandi dagana 26. - 28. ágúst nk.

Velferðar- og mannréttindaráð fellst á beiðnina en áréttar að beiðnir sem þessar séu lagðar fram með meiri fyrirvara.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.

The image contains five handwritten signatures in black and blue ink. From top to bottom: 1) 'Vilborg P. Guðbjartsdóttir' in black ink, with 'Júlíð Þóra Þórssen' written below it in a smaller script. 2) 'Einar Þórðarson' in black ink. 3) 'Gunnlaugur Þórisson' in black ink. 4) A blue ink signature that appears to be 'Þóra Þórisson'.